



Norræna góðtemplaranámskeiðið í Færeyjum

Ólafur Þ. Kristjánsson stórtemplar segir frá.

Mörgum er sjálfsagt í minni Norræna Góðtemplaranámskeiðið, sem háð var í Reykjavík og á Akureyri sumarið 1964, ýmist af því að þeir komu þar á samkomur eða af umtali. Hafa svipuð námskeið verið haldin árlega að jafnaði undanfarið. Í fyrra féll námskeiðið þó niður, vegna þess hve margir bindindismenn sóttu hástúkubíngið í Lausanne og ungtemplaramótið í Reykjavík.

Nú í sumar var Góðtemplaranámskeiðið haldið í Færeyjum. Hófst það miðvikudaginn 26. júlí, en því lauk föstudaginn 4. ágúst, og stóð þannig í 10 daga. Mátti mótið heita vel sótt: um eitt hundrað útlendingar og allmargt Færeyinga, en margir þeirra sátu ekki námskeiðið stöðugt vegna vinnu sinnar, en voru að jafnaði með á kvöldfundum. Íslendingar voru þarna 17, á ýmsum

aldri. Voru flestir úr Reykjavík, en nokkrir úr Hafnarfirði, Keflavík og Akureyri. Fararstjóri var Kjartan Ólafsson, stórritari.


Samkomustaðurinn.

Námskeiðið var haldið í Menntaskólahúsinu í Höydölum, skammt fyrir utan Þórshöfn; er svo sem 20—25 mínútna gangur þaðan niður í miðbæinn. Hús þetta var áður brjóstveikrahæli, og eru heimavistir í gömlu húsunum, en skólinn sjálfur er nýlega byggður, myndarlegt hús og rúmgott, og er þó verið að auka við bygginguna. Þjuggu námskeiðsgestir í heimavistunum og fór vel um þá, en samkomur allar voru haldnar í skólahúsinu, einkum í samkomusal skólans, sem var stór og viðkunnanlegur.

Menntaskólinn stendur í hvammi undir brattri brekku, þar sem ræktaður hefur verið þéttur skógur. Er staðurinn kyrrlátur og vel fallinn til hvíldar eða vinnu. Er skammt til sjávar og ströndin klettótt, en ekki langt undan landi blasir Nolsey við, þar sem skáldið og umbótamaðurinn Nolseyjar-Páll átti heima fyrir meira en hálfri öld.

Setning mótsins.

Setning mótsins fór fram með hátíðlegum hætti. Fyrst lék Hornaflokkur Þórshafnar nokkur lög. Síðan flutti stórtemplar Færeyja, Harry S. Johansen, ræðu og bauð menn velkomna. Síðan var færeyski þjóðsöngurinn „Tú alfagra land mítt“ sunginn. Að því loknu flutti Peter Mohr Dam, lögmaður, setningarræðu og mæltist skörulega. — Lög-



Menntaskóli Færeyja.



Frá Kirkjubæ, hinu forna biskupssetri.

Mikið heimabrudd

Í Noregi er áfengissalan ríkisrekstur og yfirleitt á þjóðin greiðan aðgang að löglegu áfengi, en samt er þar ískyggilega mikið um heimabrudd. Þetta nota áfengisdýrkendur, sem engar hömlur á sölu eða veitingum þola, en vildu sennilega helst hafa pelann hjá sér í rúminu, eins og ungbarnið.

Norsk Presseoversikt nr. 17/67 hefur eftir blaði (Farmand) að árið 1956 hafi norska þjóðin drukkið um hálfa- aðra milljón lítra af heimagerðu áfengi, 1962 um tvær milljónir lítra, og 1966 2,7 milljónir lítra. Á árunum 1956—66 hafi þetta heimabrudd aukizt um 125%. Á sama tíma hafi brennivínssala ríkisins aukizt um aðeins 25%. — Er það ekki nóg?

Velgengni þjóða eykst, áfengisneyzla þeirra vex drjúgum, nautnasýkin ágerist, siðferði hrakar á mörgum sviðum. Þannig er gott launað. Hver verður svo uppskeran?

✱ ✱ ✱ ✱ ✱

Ræktuð pest

Víst hljómar það kynlega að tala um ræktaða pest, en þetta er þó kaldur raunveruleikinn.

Sálfræðingurinn Svend Skyum Nielsen, áfengismálaráðunautur dönsku ríkisstjórnarinnar, fullyrðir að í landinu séu 75.000 fyrirvinnur, sem eigi það áhugamál næstum eitt, að afla sér peninga til áfengiskaupa. Séu konur þessara manna einnig taldar og börnin, verði það fjórði hluti milljónar í landinu, sem þjáist sökum áfengispestarinnar. Hverjum 14. manni er refsað fyrir

✱

BLIK

Framhald af 13. bls.

það var þurrkað á jörðinni eða í garðinum, og barst með því að nafla barnsins og inn í blóð þess.“

Aagaardshjónin í Eyjum heitir grein um dönsk myndar- og merkissýslumannshjón þar. Um hann segir: „Þessi Dani var ljóngáfaður og átti kímigáfu í ríkum mæli, léttlyndur, góðviljaður og alþýðlegur valdsmaður. Dugnaðar- eða afkastamaður til vinnu mun hann ekki hafa verið, en sparsamur í meðferð opinbers fjár og svo eigin og heiðarlegur í hvívetna.“

Þetta er sannarlega ekki slæm mannlysing. Skrifstofukostnaður sýslumanns var eitt árið *ein króna*. — Geri aðrir betur.

Framhald.

Pétur Sigurðsson.

ölvun við akstur, og svo kalla menn bindindisáróður ofstæki.

„Hófdrykkja“ reynist mörgum háskaleg. Árið 1960 voru það 11% ungmenna á aldrinum 18—19 ára, sem ekki höfðu bragðað áfengi í Danmörku, en árið 1964 var það aðeins hálft %. Þannig sigur á ógæfuhliðina. Þessa pest rækta þjóðfélögin með áfengissölunni.

Yfirlæknir í Noregi segir að þar séu 60—80 áfengissjúklingar, og annarhópur eins stór, sem misnoti áfengi. Hvað er það svo, sem leiðir til misnotkunar?

✱ ✱ ✱ ✱ ✱

Antabus sparar 35 milljónir árlega

Dansk Goodtemplar, 15. marz 1967, getur þess að áfengisvarnalyfið Antabus spari þjóðinni um 35 milljónir danskra króna árlega. 18. febrúar sl. var aðaluppfinningamanni lyfsins, dr. med Erik Jacobsen, veittar 50 þús. danskar krónur sem viðurkenning fyrir framlag hans í þessu máli. Þá ávarpaði annar prófessor hann, einnig dr. med. Einar Lundsgaard, og greindi frá því, að á hverju ári væri lyfið nú notað við 3500 ofdrykkjumenn, af þeim réttu við 1400 til 1500. Þegar athugað er, sagði prófessorinn, hvað það kostar þjóðfélagið að rétta við til fulls einn ofdrykkjumann, þá er sparnaðurinn á ári um 35 milljónir króna.

Áfengissala hefur jafnan verið gróðavegur, en afleiðingar sölunnar eru líka óhemju kostnaðarsamar. Öll eru þau viðskipti eitt mesta brjálæði þjóða.

✱ ✱ ✱ ✱ ✱

Margt gerist í senn

Einn er að fæðast,
en annar að deyja,
einn er að kvongast,
hinn dauðastrið að heyja.
Einn er í veizlu,
en annar í kvölum,
einn í fangaklefa,
hinn í glæstum sölum.
Einn er verið að hengja
og annan að pína,
þá annar er að dansa
við stúlkuna sína.
Ýmsir eru að hlæja,
aðrir sáran gráta,
ýmsa beygir þrenging,
en sumir mikið láta. —
Þessu verður tilveran
sumu svo að haga,
en sjálfsagt má þó ýmislegt
sníða til og laga.
Því svo má lengi prýða
sem níða.

P.S.

Listsýning Hallveigarstaða

Ekki gat ég stillt mig um að sjá þessa listsýningu, því ég vænti alltaf góðs af kvenþjóðinni. Ég varð þó fyrir nokkrum vonbrigðum, en listskyn mitt er nú sjálfsagt ekki þungt á metunum.

Höggmyndirnar á sýningunni þótti mér yfirleitt góðar, sumar fallegar. Góð einnig málverkin eftir Gretu Björnsson, Síldarsöltun og Liljublóm. Sömuleiðis Vetrarhiminn eftir Helgu Weissappel, Sjálfsmynd, og Frá Vestmannaeyjum eftir Júlíönu Sveinsdóttur, — Teppin eftir Ásgerði Ester Búadóttur og Vígðisi Kristjánsdóttur voru ágæt.

Sum málverkin hefði ég ekki viljað hafa í húsi mínu, t. d. málverkið: Kona. Það þótti mér ljótt. Hvað gengur að kvenmönnum, að gera slíkar myndir. Nokkru síðar sá ég í íslenzku dagblaði konumynd af höggmynd, sem gert hafði íslenzk listakona, og það verk hafði ríkisstofnun erlendis keypt, en þessi mynd í blaðinu þótti mér ljót. Nútíminn er umburðarlyndur við afskræminguna.

P. S.

✱ ✱ ✱ ✱ ✱

ÁFENGISSALAN

1. apríl til 30. júní 1967.

Heildarsala:

Selt í og frá Reykjavík		kr. 99.841.703
- - - - Akureyri		— 11.575.480
- - - - Ísafirði		— 3.446.525
- - - - Siglufirði		— 2.058.450
- - - - Seyðisfirði		— 2.560.095
- - - - Keflavík		— 5.969.450
- - - - Vestmannaeyjum	—	6.286.656
		kr. 131.738.359

Á sama tíma í fyrra var salan, eins og hér segir:

Reykjavík		kr. 105.228.068
Akureyri		— 10.646.365
Ísafirði		— 3.289.095
Siglufirði		— 1.902.735
Seyðisfirði		— 3.110.760
		kr. 124.176.023

Áfengissalan fyrstu sex mánuði þessa árs varð: kr. 247.498.697, en var sömu mánuði 1966 kr. 219.222.998. Söluaukning um 13%.

ÁFENGISVARNARÁÐ.

(Heimild: Áfengis- og tóbaksverzlun ríkisins).